

**113. fundur Skipulags- og umhverfissráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti  
16-18,  
13. maí 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1904098 - Suðurgata 121 bílgeymslupak - fyrirspurn til byggingarfulltrúa**

Fyrirspurn um heimild til að setja rispak á sérstæðan bílskúr á lóðinni. Skv. deiliskipulagi Akratorgsreits er leyfilegt nýtingahlutfall lóðarinnar 0,45.

*Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að fram fari grenndarkynning á breytingunni skv. 2. mgr. 43. gr sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verði fyrir lóðarhöfum á Suðurgötu 119, 120, 122, 124, 126 og Skagabraut 9-11, 15, 17, 19 og 21.*

**2. 1905216 - Deiliskipulag Dalbrautarreits - Þjóðbraut 1**

Fyrirspurn um breytingu á deiliskipulagi Dalbrautarreits vegna Þjóðbrautar 1. Breytingin felst í að útbúa íbúð á 1. hæð hússins.

*Ragnar B. Sæmundsson vék af fundi undir þessum dagskrárlíð.*

*Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að fram fari grenndarkynning á breytingunni skv. 2. mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verði fyrir eigendum og leigjendum að Þjóðbraut 1.*

**3. 1901196 - Sementsreitur - uppbygging**

*Kynntar voru hugmyndir fasteignaþróunarfélagsins Spildu um uppbyggingu Sementsreits og hugsanlega aðkomu Spildu að því verkefni.*

*Skipulags- og umhverfissráð felur bæjarstjóra og sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að vinna málið áfram.*

**4. 1905204 - Eignasjóður - húsnæðismál**

*Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri fór yfir möguleika á húsnæðismálum er varða eignasjóð.*

**5. 1711115 - Reiðskemma á Æðarodda - uppbygging**

Fyrirspurn um stækkun fyrirhugaðra reiðskemmu við Æðarodda.

*Skipulags- og umhverfissráð gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við stækkun hússins. Stækkunin verði hinsvegar bundin því skilyrði að hámarksframlag Akraneskaupstaðar sbr. yfirlýsingu undirritaða 1. maí 2018 breytist ekki og að hestamannaféagið Dreyri taki á sig þá kostnaðaraukningu sem verður vegna stækkunarinnar. Að öðru leiti er málinu vísað til bæjarráðs.*

**6. 1811112 - Umhverfisstefna Akraneskaupstaðar**

Verklag fyrir íbúafund kynnt

*Sindri Birgisson umhverfisstjóri lagði fram tillögu um að íbúafundur vegna umhverfisstefnu yrði haldinn 23. maí 2019. Skipulags- og umhverfissráð samþykkir fyrirhugaða tímasetningu.*

RS

**6. 1811112 - Umhverfisstefna Akraneskaupstaðar**

Verklag fyrir íbúafund kynnt

*Sindri Birgisson umhverfisstjóri lagði fram tillögu um að íbúafundur vegna umhverfisstefnu yrði haldinn 23. maí 2019. Skipulags- og umhverfisstjórn samþykkir fyrirhugaða tímasetningu.*

**7. 1805134 - Grenndarstöð Dalbraut - við Fjöliðjuna**

Farið yfir stöðuna á grenndarstöð

*Sindri Birgisson umhverfisstjóri fór yfir mögulegar staðsetningar á grenndarstöð á Akranesi. Skipulags- og umhverfisstjórn felur umhverfisstjóra að skoða betur með staðarval við Garðagrund 1 og 3.*

**8. 1904017 - Garðasel - leiktæki á leikskólalóð fyrir yngstu börnin**

Beiðni Garðasels um kaup á leiktækjum fyrir yngstu börnin á útisvæði leikskólans.

*Skipulags- og umhverfisstjórn telur að móta þurfi heildaráætlun um þarfir yngsta hópsins í leikskólanum. Á grunni þeirra áætlunar verði gerð framkvæmdaáætlun um breytingar á leikskólalóðum til að mæta þörfum þess aldurshóps.*

*Að öðru leiti vísar ráðið málinu bæjarráðs.*

**9. 1905238 - Fjöliðjan - húsnæðismál**

*Skipulags- og umhverfisstjórn felur Sævari Frey Þráinssyni bæjarstjóra og Sigurði Páli Harðarsyni sviðsstjóra að vinna málið áfram, í samræmi við fyrirliggjandi gögn.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:10.**

Reynur Samundsson

Gerður Jón Jónhansdóttir

Ólafur

Sy P. A.

Ólafur J. Steindóttir

Samir Jónsson

Ólafur Jónsson